

Heimssöngvari

Tónlist

Jón Ásgeirsson

William Parker er heimssöngvari, baritonsöngvari með fallega rödd er þólr miklar



William Parker

sviptingar, bæði sakir gæða hennar og hjálfunar, rödd, sem stýrt er af þekkingu og miklu listfengi. Verkefni hans voru Adelaide eftir Beethoven, Banalites eftir Poulenc, War Scenses eftir bandarískt tónskáld að nafni Ned Rorem og síðast Dichterliebe eftir Schumann. Allt var þetta frábærlega flutt og stundum á strengjum snilldarinnar, einkum í Dichterliebe, þar sem söngvara og undirleikara tókst í nokkrum andartökum að nálgast hið óskilgreinanlega, snilldina, sem ekkert orð er til yfir, mjög fáir geta nálgast, enginn getur átt, en allir þekkja eftir á og brennur manni í hjarta eins og þegar brauðið hafði verið brotið forðum daga. William Huckaby var söngvaranum til aðstoðar, góður píanóleikari en nokkuð meðvitauður í túlkun sinni, vissi hvað hann vildi og sýndi manni það svolítið umfram það nauðsynlega, svo athyglin beindist frekar að því sem hann var að gera, en tónlistinni sjálfri.

Lokatilraunin

Kvikmyndir

Ólafur M. Jóhannesson

LOKATILRAUNIN

Handrit: March Rosen.
Kvikmyndun: Hohn Coquillon.
Leikstjórn: Paul Almond.
Sýningarstaður: Regnboginn


Góð kvikmynd þarf annaðhvort að búa yfir spennu, kímni eða listrænum efnistöfum. Í „The Final Assignment“ sem nú skreytir tjaldid í A-sal Regnbogans er aðeins að finna einn þessara þátta, sum sé dálitla spennu í þeim atriðum myndarinnar sem gerast í Rússía. En spennan næst með því, að setja varnarlausan kanadískan fréttamann útaf fyrirfram skipulagðri áætlun og þar með velkjast hann inná óopinber svið sovésks þjóðskipulags. En þótt hinn ákafi „sannleiksleitandi“ fréttamaður vilji þannig komast undan alsjáandi auga hins opinbera í þessu mikla landi þá er einsog ósýnileg hönd KGB seilist innum hverja gátt. Og það er einmitt þessi nærvera hins ósýnilega valds sem vekur spennu með áhorfandanum.

Ósjálfrátt veltir maður því fyrir sér þegar horft er á myndina hvernig hinum almenna manni líður í landi þar sem örfáir menn ráða svo til hverri lífshæringu. Mér varð þannig hugsað til lýsingar Axelander Solsjenitsyn í Gulag-eyjunum á því hvernig hinn fámenni bolchevíkaflokkur grundvallaði alræðisvald sitt. Solsjenitsyn segir: „Kerfin (útsendarar flokksins) byggðu úrtak sitt

sjaldnast á neinum lögmálum, sem gætu ákveðið hver væri rétt-tækur og hver friðhelgur, heldur leituðust við að fylla upp í ákveðna tölu. Þessi töluþylling gerðist stundum samkvæmt einhverju lögmáli, en stundum bar hún tilviljunareinkenni í bak og fyrir. Árið 1937 snéri kona nokkur sér til skrifstofu NKVD í Novocherkask með fyrirsurn; hvað hún ætti að gera við ungbarn fangelsaðrar grönnu sinnar. „Dokið við,“ var svarið, — „við skulum athuga málið.“ Hún dokaði við í tvær klukkustundir. Þá var hún leidd út af skrifstofunni og stungið í klefa. Það lá á að fylla upp í kvótann, en starfslíð ekki nægjanlegt til að endasendast út um alla borg, þessi aftur á móti tiltæk í staðinn“. Því miður er „The Final Assignment“ ekki nógu fagmannlega unnir til að opinbera áhorfandanum hið sovéska kerfi í nekt sinni. Ýmsar góðar hugmyndir koma fram en leikstjórnin Paul Almond vinnur ekki úr efniviðnum heldur skilur við hugmyndirnar hráar ef svo má segja. Kannski var fjármagnið af of skornum skammti. Grunar manni að leikararnir þau Genevieve Bujold, sem leikur fréttamanninn kanadíska og hinn guðumlíki Michale York, sem leikur útsendara sovétstjórarinnar hafi gleypt bróðurpart þess fjármagns sem hinum kanadíska kvikmynda-hóp stóð til boða. Burgess Meredith hefur og kostað sitt. Annars dugir ekki digur sjóður ef handrit og leikstjórn eru slök. Hinsvegar virðist góður leikur ekki háður neinum lögmálum þannig er Colleen Dewhurst í hlutverki rússnesku vísindakonunnar Valentine Ulanovo hreint afbragð.



Michael York og Genevieve Bujold í hlutverkum sínum



„Dilknes“, mynd nr. 47.

Úr fórum fjölskyldunnar

Myndlist

Valtýr Pétursson

Mér er minnisstæð dagstund fyrir nokkuð mörgum árum austur í Hveragerði á heimili vinar míns Gunnlaugs Schevings. Þar var gestkvæmt þá stundina og einkum og sér í lagi er mér minnisstæður hæglatúr og aðlaðandi maður, sem ekki hafði orðið áður á vegi mínum, en verk hans voru mér að einhverju kunn. Þetta var Höskuldur Björnsson listmálari, er ættadur var úr Hornafirði eins og fleiri í því fagi málaralist t.d. Svavar Guðnason, Jón Þorleifsson og kaupfélagsstjóri þeirra á Höfn, Bjarni, sem stundaði málverk í frítímum sínum og fylgdist með framvindu í listgreininni með því að vera áskrifandi að því fræga riti STUDIO.

Kynni okkar Höskulds urðu

tekin fram í sýningarskrá. Það er heldur ekki nefnt í því riti, hvort um olíumálverk, teikningu, eða vatnslitamyndir sé að ræða, og því miður rýrir þessi vankantur sýningarskrána sem heimild í framtíðinni. En það er ágætur formáli um listamanninn í sýningarskrá, og er hann ritaður af góðvini málarans, Kristjáni skáldi frá Djúpálæk.

Sumum mun áreiðanlega mislíka upphenging þessarar sýningar, og það er eins og fagmenn hafi ekki verið þar með í ráðum. Þetta eru nokkur lýti á sjálfri sýningunni en þessi verk Höskulds Björnssonar eiga betri meðhöndlun skilið að mínum dómi. Hér ægir nokkuð ósamstæðum verkum saman, og því verða heildaráhrif sýningarinnar ekki eins og efni standa til. Það er mikill vandi að ganga þannig frá listaverkum, að þau fái að njóta sín til fulls, en ég er hræddur

77 er einnig ein besta mynd á þessari sýningu. Ég stikla hér á stóru og tíunda ekki fleiri að sinni. Enda yrði það bara til málalengingar, en fáir nenna að lesa slík skrif.

Hornafjörður og Skaftafells-sýslur virðast hafa haft sérstæð tök á málaranum Höskuldi Björnssyni. Það landslag virðist honum miklu kærara en flest annað. Hann virðist hafa verið barn umhverfis síns og lifað í nánnum tengslum við náttúru, ekki hvað sist við dýrin í flæðarmálinu, kýrnar og hestana. Það eru samt fuglarnir, sem eru honum hugstæðastir, og þar virðist hann jafnan vera hvað mest í essinu sínu.

Það hefur verið í gangi að undanförunu nokkuð af yfirlitssýningum á verkum látinna listamanna: Vigdís Kristjánsdóttir í listasafni ASÍ, Ragnheiður Ream á Kjarvalsstöðum, Brynj-



„Hestar“ (teikning), mynd nr. 66.

ekki meiri en þessi dagstund, en það þurfti ekki langa samveru við Höskuld Björnsson til að fullvissast um, að þar fór sérstakur heiðursmaður. Gentilmaður eins og þeir segja á Bretlandi. Ljúfmennska og glettni virtust einkenna far hans allt, og nú, er ég sé verk þessa manns á Kjarvalsstöðum, sé ég ekki betur en að einmitt þessir minnisstæðu eiginleikar frá okkar stuttu kynningu komi afar áberandi fram í verkum Höskulds. Hann hefði orðið 75 ára á sumri komandi, ef hann hefði lifað, og má því hiklaust setja sýninguna á Kjarvalsstöðum í sambandi við þessi merku tímamót. Ég efast þó um, að hægt sé að kalla þessa sýningu yfirlitssýningu á verkum Höskulds, því að hér er aðeins tekið úr fórum fjölskyldunnar, eins og undirtitill sjálftrar sýningarinnar bendir til. En þarna eru sjálfsgagt myndir frá flestum tímabilum listamannsins, en því miður eru engin ártöl

um, að það verði ekki sagt um þessa sýningu Höskulds Björnssonar.

Þau verk, sem valin hafa verið til þessarar sýningar, eru nokkuð misjöfn að gæðum. Persónulega finnst mér vatnslitamyndir Höskulds bera af á þessari sýningu, enda eru þær, að ég held, í meirihluta. Einmitt á vatnslitamyndunum sér maður greinilega, hvernig listamaðurinn leitast fyrir sér við myndgerð sína, og á stundum nær hann ágætum árangri. Nefni ég þar til stuðnings máli mínu myndir eins og no. 2, 3, 47 og 43. Höskuldur var mjög sérstæður fuglamálari, en það er sérstakt fag til dæmis í breskri menningu. Þar náði hann ágætum árangri oft á tíðum, og eitt olíumálverk á þessari sýningu sannar getu hans á þessu sviði. Það er no. 95, Tjaldur. Og annað olíumálverk langar mig til að benda sérstaklega á, það er no. 100 og heitir Uppstilling. Teikningin Straumendur no.

ólur Þórðarson í Listasafni Íslands og nú minningarsýning um Höskuld Björnsson að Kjarvalsstöðum. Þetta er mikið framtak og þarft. Sannleikurinn er sá, að alltaf bætist við fólk, sem ekki þekkir nægilega til þróunar íslenskrar myndlistar, og úr því verður ekki betur bætt en með því að gefa fólki kost á að sjá heildarmyndir af þeim listamönnum, sem hafa skilað dagsverki sínu. Tímarnir eru sibreytilegir og þar með þörf og smekkur fyrir list. Allt er þetta duttlungum tímans háð, og góð latína í dag þarf ekki að vera í hávegum á morgun og öfugt. Þessi sýning úr fórum fjölskyldu Höskulds Björnssonar málara er bæði forvitnileg og tímabær. Því mælist ég til við þá, er vilja verða ofurlítið fróðari um íslenska myndlist, að láta þessa sýningu ekki ganga sér úr greipum. Hafi aðstandendur þökk fyrir framtakið og ræktarsemi.